



1569. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
27.8.2014, kl. 11:30

Frímann Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1568. fundar

Samþykkt.

2. Áheyrnarfulltrúar ÍTR og ÍBR.

Lagt fram erindi ÍTR um áheyrnarfulltrúa ÍTR á fundum ÍBR. Þórgnýr Thoroddsen verður fulltrúi ÍTR. Jafnframt samþykkt að Ingvar yrði áfram áheyrnarfulltrúi ÍBR á fundum ÍTR og Frímann til vara.

3. Erindi ÍFR vegna bikarkeppni ÍF.

Lið íþróttabandalaga hafa fengið að keppa undir þeirra merkjum í öðrum greinum og stjórn ÍBR telur eðlilegt að það sé skoðað á vegum ÍF hvort að slíkt fyrirkomulag geti hentað í sundi fatlaðra. Það er mat stjórnar ÍBR að texti í reglum ÍF gefi einungis til kynna þátttöku félaga í Bikarkeppni ÍF í sundi en ekki liða frá íþróttabandalögum eða héraðssamböndum. Stjórn ÍBR er ekki úrskurðaraðili í málum sem þessum og bendir ÍFR á þann möguleika að óska eftir því að laganefnd ÍSÍ fari yfir málið.

4. Aðildarumsókn Lyftingafélagsins Grjóts.

Borist hefur umsókn um aðild frá Lyftingafélaginu Grjót. Málinu vísað í hefðbundinn farveg.

5. Afmæli ÍBR – 70 ára.

Fallið frá hugmyndum um afmælisboð og samþykkt að halda ráðstefnu síðar í haust.

6. Fundur með framkvæmdastjórum

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundi með framkvæmdastjórum nokkurra félaga þar sem farið var yfir fjármál íþróttafélaga auk fleiri mála. Stefnt er að því að halda fundi með framkvæmdastjórum í hverjum mánuði.

7. Laugavegshlaup og Reykjavíkumaraþon.

Stjórn ÍBR þakkar starfsmönnum frábæra vinnu við báða viðburði sem sannarlega skilaði sér á þann veg að báðir tókust afar vel.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:45.

Frímann Ari Ferdinandsson ritaði fundargerð.

